

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Kjóstaðir 1, land 2, landnr. 220934, Skjól.

Breytingin felur í sér að nýr byggingarreitur (B2) bætist við þann sem fyrir er á skipulagssvæðinu. Innan reitsins er heimilað að byggja allt að 300 m² íbúðarhús á tveimur hæðum auk 250 m² skemmu sem hýsa mun hesthús og geymslu. Aðkoma er frá Kjóstaðavegi nr. 3667. Nýr aðkomuvegur verður lagður að fyrirhuguðum byggingum, sem tengjast mun þeim aðkomuvegi sem fyrir er. Að öðru leyti gilda skilmálar frá áður gildandi skipulagi. Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. apríl 2019